

## REGLUGERÐ

### um Íslenskar orkurannsóknir.

#### 1. gr.

Íslenskar orkurannsóknir eru sérstök ríkisstofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 86/2003. Íslenskar orkurannsóknir skulu skammstafaðar ÍSOR og enskt heiti stofnunarinnar skal vera Iceland GeoSurvey.

#### 2. gr.

Íslenskar orkurannsóknir starfa á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og afla sér tekna með sölu á rannsóknnum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði Íslenskra orkurannsókna, jafnt innanlands sem utan.

#### 3. gr.

Hlutverk Íslenskra orkurannsókna er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

Íslenskar orkurannsóknir sinna m.a. eftirfarandi viðfangsefnum fyrir íslenska ríkið og stofnanir þess samkvæmt nánari útfærslu í samningum sem gera skal milli Íslenskra orkurannsókna og viðeigandi ráðuneyta eða stofnana þeirra:

1. Að veita faglega ráðgjöf á sviði jarðvísinda og jarðrænna auðlinda, þar með talinn jarðhiti, grunnvatn og jarðefnaeldsneyti og önnur hagnýt jarðefni.
2. Að framkvæma grunnrannsóknir á jarðfræði Íslands og kortleggja jarðfræði landsins með tilliti til jarðrænna auðlinda og jarðminja.
3. Að rannsaka og meta jarðhitaförða landsins með tilliti til sjálfbærrar vinnslu.
4. Að rannsaka, meta og fylgjast með áhrifum nýtingar jarðrænna auðlinda á umhverfið.
5. Að rannsaka og veita jarðvísindalega ráðgjöf um rannsóknir og nýtingu á auðlindum undir hafsbotni.
6. Að rannsaka og veita jarðvísindalega ráðgjöf um rannsóknir og nýtingu á grunnvatni.
7. Taka þátt í alþjóðastarfi á sviði jarðvísinda, orku- og auðlindamála fyrir hönd Íslands.
8. Aðstoða íslensk stjórnvöld við þróunaraðstoð erlendis á sviði jarðhita.
9. Að miðla til almennings og stjórnvalda upplýsingum og þekkingu um jarðfræði Íslands og jarðrænar auðlindir og nýtingu þeirra.
10. Að reka opinber gagnasöfn um jarðrænar auðlindir og nýtingu þeirra.

Gagnasöfn sem Íslenskar orkurannsóknir reka samkvæmt samningum við opinbera aðila skulu vera opin almenningi nema annað sé tekið fram.

#### 4. gr.

Íslenskum orkurannsóknum er heimilt að leita samstarfs við stofnanir og fyrirtæki um að annast eftirfarandi þætti í félagi, enda skal þess gætt að eðlileg kostnaðarskipting komi til, eða samkvæmt verktakasamningi og fylgt sé reglum um slík viðskipti:

1. Fjármál, bókhald og almenna skrifstofuþjónustu.
2. Starfsmannamál og afgreiðslu launa.
3. Tölvumál, símsvörun, bókasafn og skjalasafn.
4. Rekstur húsnæðis og mótuneytis.

#### 5. gr.

Ráðherra skipar fimm manns í stjórn Íslenskra orkurannsókna til fjögurra ára, og ákveður stjórnarformann og stjórnarlaun stjórnar.

Stjórnin hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og stefnumótun til langs tíma. Stjórnin samþykkir fjárhagsáætlun hennar og starfsáætlun fyrir eitt ár í senn. Hún skal halda a.m.k. sex fundi á ári hverju.

## 6. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður forstjóra Íslenskra orkurannsóknna. Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar og ákveður starfssvið þess. Hann hefur á hendi daglega stjórn Íslenskra orkurannsóknna og umsjón með rekstri. Forstjóri kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar.

Forstjóri Íslenskra orkurannsóknna skal sjá til þess að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og að fullnægjandi eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna stofnunarinnar.

Stjórnin kveður nánar á um verksvið og skyldur forstjóra.

## 7. gr.

Íslenskum orkurannsóknnum er heimilt að stofna og eiga hlutafélag eða einkahlutafélag um verkefni sín erlendis með leyfi ráðherra. Slíkt félag skal vera í meirihlutaeigu ÍSOR og starfa eftir lögum um hlutafélög nr. 2/1995 eða lögum um einkahlutfélög nr. 138/1994.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga um Íslenskar orkurannsóknir nr. 86/2003. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. maí 2014.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*